

Gamla reynitréð nýtur sín vel á Brúartorginu



Brúartorgið svonefnda í nýja miðbænum tekur óðum á sig mynd og hellulögn er vel á veg komin. Reynitréð sem var leyft að standa nýtur sín vel en talið er að það sé um 90 ára gamalt. Um síðustu helgi var hjólreiðamönnum boðið í grillveislu á torginu í tilefni þess að KIA-gullhringurinn, ein stærsta hjólreiðakeppni ársins, mun á þessu ári fara fram í Árborg. mynd: GPP.

Menam í mathöllina

Upphrópanir urðu á samfélagsmiðlum þegar fréttist að Menam, sem á hug og hjarta margra, skrifaði undir samning um að opna veitingastað mjólkurbúinu í miðbænum á Selfossi. „Nýtt upphaf í sögu Menam lítur nú dagsins ljós því á föstudag var skrifað undir samning um að opna Menam bús í mathöllinni í Mjólkurbúinu í nýja miðbænum á Selfossi. Við hlökkum mikið til að geta boðið velunnurum okkar í gegnum tíðina upp á vinsælustu thailensku réttina okkar á ný, sem við höfum heyrt að margir hafi hreinlega saknað,“ segir í tilkynningu frá Menam.



Nýtt fólk tekið við keflinu af Kristínu

Nýrri staðsetningu mun fylgja nýtt útlit og fyrirkomulag, en maturinn og þjónustan mun byggja á þeim góða grunni sem Menam hefur staðið fyrir í gegnum tíðina. Við keflinu á Menam hefur tekið nýtt fólk en ekki alveg svo ótengt. Andri

Már starfaði á Menam til margra ára og mun hann bera hitann og þungann í rekstrinum. Kristín Árnadóttir, eða Stína í Menam eins og margir þekkja hana, afhenti Andra af því tilefni uppskriftabókina góðu sem hefur að geyma helstu leyndarmálin í matseldinni, þó hann ætti að vera þeim flestum vel kunnugur.

Athugið

Næsta tölublað Dagskrárinnar kemur út fimmtudaginn 27. maí nk. Auglýsingar og efni þurfa að hafa borist eigi síðar en á hádegi þriðjudaginn 25. maí nk.

Af framkvæmdum í sundlauginni í Laugaskarði

Nú standa yfir framkvæmdir við endurbætur á búningsklefum Sundlaugarinnar Laugaskarði, Hveragerði og hefur sundlaugin verið lokað frá því í október vegna þessa. Um sögufræga byggingu er að ræða en húsið teiknaði Gísli Halldórsson arkitekt og var það byggt árið 1963. Af mörgum er þessi bygging talin ein sú fall-egasta sem Gísli teiknaði en húsið fellur einstaklega vel að umhverfi sínu og skapar gott skjól á sólríkum dögum fyrir norðanáttinni. Að sögn Aldísar Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra, hafa framkvæmdirnar reynst nokkuð tímafrekari og um-

fangsmeiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Meðal annars reyndist nauðsynlegt að byggja nýja byggingu norðan við húsið undir innganginn sem auk þess að hýsa loftræstisamstæðu og tæknibúnað mun nýtast sem geymsla. „Því miður verður einhver bið á því að sundlaugin opni fyrir almenning en allir gera sér þó góða grein fyrir því að margir bíða í ofvæni eftir því að geta aftur heimsótt Laugaskarð en stefnt er að opnun laugarinnar fyrir almenning í júní.“ Meðfylgjandi myndir gefa góða mynd af umfangi framkvæmda á svæðinu.



Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og lofnettskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



KIA Gullhringurinn í Árborg



KIA-Gullhringurinn er kominn með nýjan heimavöll. Sl. sunnudag var skrifað undir samning milli Árborgar og KIA-Gullhringsins. „Við vígðum nýja miðbæinn á Selfossi þar sem bæjarstjórn og bæjarstjóri Árborgar tóku okkur fagnandi. Fram undan er frábært samstarf við KIA, Árborg, Sigtún þróunarfélag, Kriú og alla okkar frábæru bakhjarla að gera öruggasta og fjölmenna hjólréiðamót Íslands í samvinnu við lögreglu og Vegagerðina,“ sagði Einar Bárðarson. Keppnin mun fara fram þann 10. júlí nk.

Aðalfundur

Aðalfundur Stangaveiðifélags Selfoss verður haldinn á Hótel Selfossi fimmtudaginn 20. maí kl. 20.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin



Börn senda kynferðislegar myndir af sér gegn greiðslu í Árborg

Veist þú sem foreldri hvað þitt barn er að gera á netinu og hvernig þú átt að bregðast við?

Forvarnateymi Árborgar í samstarfi við SAMBORG býður foreldrum í sveitarfélaginu upp á fyrirlestur þriðjudaginn 25. maí klukkan 20:30 á TEAMS. Þið finnið link á viðburðinn á Facebook-síðunni „Sveitarfélagið Árborg“.

Erindi:

- **Margrét Lilja Guðmundsdóttir,**

sérfræðingur hjá Rannsókn og greiningu og háskólakennari við íþróttadeild HR

Kynnir niðurstöður R&G í Árborg um klám og sexting

- **Hildur Halldórsdóttir,**

verkefnastýra hjá Heimili og skóla - landssamtökum foreldra og SAFT

Að ræða við börn um kynferðislegt efni á netinu

- **Inga Þórs Yngvadóttir,**

unglinga- og ungmennaráðgjafi Árborgar
Kynning á starfi og hvernig er hægt að nálgast ráðgjöf



Uppgjör að loknu fordæmalausum ári

Ársreikningur Hveragerðisbæjar 2020 lagður fram

Undanfarið ár hefur verið sveitarfélögum á Íslandi, rétt eins og heimsbyggðinni allri, eitt samfellt lærdómsferli. Lærdómsferli sem við hefðum þó öll helst viljað sleppa við. Heimsfaraldur inflúensu hefur valdið gríðarlegri röskun á lífi einstaklinga og ein mesta efnahagskreppa sem riðið hefur yfir heimsbyggðina til fjölda ára er staðreynd.

Mesta uppbygging í sögu bæjarins

Það er ánægjulegt að sjá að mikill vöxtur er í húsbyggingum og framkvæmdum í sveitarfélaginu en nú eru hafnar framkvæmdir við eða skipulög á lokastigi á svæðum sem rúmað geta 373 íbúðir. Ekki er óvarlegt að áætla að um 120 íbúðir muni bætast við á öðrum svæðum í nánustu framtíð. Þetta gera um 500 íbúðir sem nú eru á framkvæmdastigi eða í farvatninu næstu misserin. Þetta er mikil aukning og langt umfram þær áætlanir sem bæjarstjórn hefur hingað til unnið eftir. Í ljósi þessa skoðar nú meirihluti D-listans uppbyggingu innviða hratt og örugglega því ánægja íbúa er sú breyta sem við viljum fyrst og fremst horfa til.

Bærinn er vinsæll, íbúum fjölgar

Bæjarstjórn hefur verið einhuga og samhent í þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið og það hefur áhrif langt út fyrir þau störf sem bæjarstjórn eru falin. Vinsældir Hveragerðisbæjar sem farsæls búsetukosts hafa aukist mjög á undanförunum árum, fasteignaverð er herra en í nágrenna-sveitarfélögum og fjöldi fjölbreyttra íbúða í byggingu. Það er því óvarlegt að áætla annað en að bæjarbúum muni fjölga vel umfram landsmeðaltal á næstu árum enda hefur bæjarbúum fjölgað um 13% frá árinu 2015.

Áhrifa Covid gætir í rekstrinum

Í fyrsta sinn frá árinu 2012 er niðurstaða ársreiknings bæjarstjóðs Hveragerðisbæjar og stofnana hans neikvæð um 87,7 m.kr. Er því ljóst að áhrifa Covid gætir verulega þegar rekstrarniðurstaðan er skoðuð. Helstu ástæður neikvæðs rekstrar liggja

Aldís
Hafsteinsdóttir
bæjarstjóri
Hveragerðisbæjar



í hrúni í tekjum margra stofnana og auknum útgjöldum vegna Covid.

Skuldahlutfallið er 103%

Skuldir samstæðu Hveragerðisbæjar árið 2020 eru vel innan þess ramma sem gefinn er varðandi viðmið laga um skuldastöðu en skuldir samstæðu nema nú um 103% sem hlutfall af heildartekjum sveitarfélagsins. Rétt er þó að geta þess að fjármálareglur sveitarfélaga hafa verið afnumdar vegna efnahagskreppunnar til ársins 2025.

Sterk stjórn á fjármálum

Niðurstaða endurskoðunar er að vel sé haldið utan um fjármál bæjarfélagsins. Fylgst er með þróun útgjalda og brugðist við eftir því sem þurfa þykir. Með fjárfestingum í landi og fasteignum á undanförunum árum hefur meirihluti D-listans sýnt að hann hugsar til framtíðar en nú er byggingaland í bæjarfélaginu tryggt næstu áratugin. Er það ánægjuleg staða í landlitlu sveitarfélagi. Sterk stjórn á fjármálum bæjarins ásamt skynsamlegri uppbyggingu innviða og þjónustu hefur gert að verkum að mikil ásókn er í búsetu í bæjarfélaginu og ánægja íbúa samkvæmt könnunum sú besta sem gerist á landinu.

Þrátt fyrir að við sjáum nú vonandi til lands varðandi afleiðingar yfirstandandi efnahagskreppu með bólusetningum, bjartsýni og auknum fjölda ferðamanna er brýnt að áfram sé vel haldið utan um rekstur bæjarins og að fjármálum bæjarins sé áfram stýrt af festu með hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi.

Helstu atriði ársreiknings

Í ársreikningi 2020 kemur fram að samstæðan skilar jákvæðu veltufé frá rekstri 203,1 mkr. eða sem nemur ríflega 6,3% af heildartekjum

bæjarins. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) er jákvæð um 252 mkr. eða sem nemur um 7,8% af heildartekjum samstæðu.

Sem hlutfall af heildartekjum bæjarins nema skuldir í árslok 2020 102,87% sem er 47,1 prósentustigum undir því skulðapaki sem ný sveitarstjórnarlög hafa fyrirskipað. Langtímaskuldir samstæðu að viðbætti leiguskuldinni vegna Sunnumerkur 2 og Breiðumerkur 20 nema 3.021 m.kr. Lífeyrisskuldbinding er 650 m. kr. Samtals gerir þetta 3.671 m. kr. eða rétt ríflega 1,32 m. kr. pr íbúa.

Það er ljóst að sveitarfélagið er vel í stakk búið til að standa við skuldbindingar sínar og fjárhagslega fært um frekari fjárfestingar. Þennan árangur ber að þakka markvissu aðhaldi og traustu utanumhaldi fjármuna bæjarbúa undanfarin ár.

Þakkir til stjórnenda og starfsmanna

Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt að fylgjast með góðri og styrkri stjórn forstöðumanna bæjarins og framlagi starfsmanna sem allir hafa tekið virkan þátt og borið ábyrgð á að fjárhagsáætlun einstakra stofnana standist. Umhverfi stjórnenda bæjarfélagsins og starfsmanna hefur sjaldan ef nokkru sinni verið jafn krefjandi og raun hefur verið undanfarið ár. Lokanir, sóttvarnir, sóttkví og smit hafa einkennt margar starfsstöðvar en auk þess var innleiðing styttingar vinnuvikunnar krefjandi viðfangsefni og þá sérstaklega á vaktavinnu vinnustöðunum. Bæjarstjóri og bæjarstjórn færa stjórnendum og starfsmönnum öllum bestu þakkir fyrir framlag þeirra til ábyrgs reksturs bæjarins og einstakt vinnuframlag við erfiðar og krefjandi aðstæður.

Í lokin er rétt að geta þess að fjárhagsáætlanir undanfarinna ára hafa verið unnar í góðu samstarfi allra bæjarfulltrúa og hefur samstarf í bæjarstjórn verið traust og ánægjulegt. Slíkt samstarf er ekki sjálfgefið og fyrir það ber að þakka.

Fimmta lag hljómsveitarinnar Moskvít komið á streymisveitur

„Við erum að gefa út okkar fimmta lag. Það kom á streymisveiturnar 14. maí sl.“ Lagið heitir *He's coming my way* og er fimmta lagið á plötunni *Human Error* eftir hljómsveitina Moskvít frá Suðurlandi. Aðspurðir um hvers hlustendur mega vænta segja meðlimir: „Hljómur lagsins hefur keim af vestrænum blús, er vel rokkað og undirspilið dansar stórfenglega í takt við textann. Á yfirborðinu fjallar

textinn um mannaveiðar en ef við skygnumst dýpra er hann í raun um mann sem reynir að flýja sjálfan sig, þar sem hann er eltur af eigin djöflum. Undirspilið samsvarar textanum á kostulegan hátt sem hálfgerður eltingaleikur þar sem hraðinn magnast er líður á lagið. Myndast því ákveðinn spennningur og hasar.“

Í laginu leikur Jóhanna Rut létt á fiðlu og gítarleikarinn Valli lætur rödd sína óma á

móti söngvaranum Sjonna. Til gamans má geta að hljómsveitarmeðlimir Moskvít eru þekktir fyrir afar snyrtilegan klæðnað þar sem axlabönd, skyrtur og spariskór eru í hávegum höfð eins og tískan var árið 1920.

Moskvít hefur sett sér þá stefnu að gefa út lag af plötunni *Human Error* á viku fresti en lög þeirra má finna bæði á Spotify og á YouTube ásamt tónlistarmyndböndum.

Skalli

Selfossi

Sá svalasti í bænum

FJÖLSKILDUTILBOÐ

**4 ostborgarar, stór skammtur af frönskum,
2 kokteilsósur & 2L gos**

4.999 kr.



www.skalli.is - facebook.com/skalliselfossi - Sími 483-1111

Þetta er að fréttastofa er þetta Óráð í Árborg

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar var samþykktur á bæjarstjórnarfundum 12. maí 2021. Við það tækifæri færðu bæjarfulltrúar D-lista starfsfólki Sveitarfélagsins Árborgar þakkið fyrir vel unnin störf á árinu 2020 við krefjandi aðstæður í miðjum heimsfaraldri.

Þrátt fyrir breytt atvinnuástand vegna heimsfaraldurs hafa tekjur sveitarfélagsins aukist frá árinu 2019 um 638 millj. kr. Það er því dapurlegt að upplifa þá stöðu að Sveitarfélagið Árborg sé rekið með 949,4 millj. kr. tapi árið 2020, sem gerir 2,6 millj. kr. tap á dag.

Ársreikningurinn endurspeglar þann alvarleika sem bæjarfulltrúar D-lista hafa bent á, sem felst í því að aðhalds er ekki gætt í rekstri og að um verulega offjárfestingu er að ræða, þar sem forgangsroðun er ekki í samræmi við skyldur sveitarfélagsins. Aukast því skuldir umtalsvert á sama tíma og hægt og illa gengur að byggja nauðsynlega innviði fyrir lögbundna starfsemi.

Árið 2018 voru skuldir sveitarfélagsins 11.843 millj. kr., en 2020 voru skuldirnar orðnar 15.137 millj. kr. Líklega telst það vera Íslandsmet í skuldsetningu á einungis tveimur árum



Gunnar Egilsson



Brynhildur Jónsdóttir



Kjartan Björnsson



Ari Björn Thorarensen

sem núverandi meirihluti hefur verið við stjórn. Skuldaviðmið sveitarfélagsins fer því hækkandi, þrátt fyrir að breytingar hafi verið gerðar á útreikningi þess og að skuldir Leigubústaða Árborgar teljist ekki lengur með í útreikningum.




Frá árinu 2018 þegar núverandi meirihluti tók við stjórn sveitarfélagsins hafa tekjur A-hluta bæjarsjóðs hækkað um 1.667 millj. kr., en gjöld hækkað um 2.361 millj. kr. Tekjur dugðu ekki fyrir rekstri á árinu 2020 og versnaði afkoma sveitarfélagsins um 900 millj. kr. frá árinu 2018. Yfirlýst markmið nýs meirihluta var að „stoppa lekann“, meintan útgjaldaleka úr bæjarsjóði. Ljóst er að leka-byttan lekur all hressilega.

Sveitarfélagið Árborg getur ekki talist rekstrarhæft þar sem það þarf að taka lán fyrir rekstrinum. Sú staða er afar dapurleg þótt ekki meira sé sagt, en þrátt fyrir það fagnar bæjarstjóri því í greinargerð sinni að sveitarfélagið sé á leið í skuldabréfa-útboð, sem verulegar líkur eru á að skili hærri vöxtum en Lánasjóður

sveitarfélaga getur boðið þeim sveitarfélögum sem uppfylla skilyrði til að vera þar í viðskiptum. Staðan er alvarleg og er ekki útlit fyrir að hún batni á yfirstandandi ári.

Útskýringar bæjarstjóra og meirihluta bæjarstjórnar þar sem COVID-19 faraldurinn er kennt um bága stöðu standast ekki, en eru til þess fallnar að rugla íbúa. Til samanburðar má skoða nágrannasveitarfélagið Ölfus, þar sem búa 2.400 manns og fjölgunin nam 7,2% á síðasta ári, samanborið við 4% í Árborg. A-hluti bæjarsjóðs í Ölfusi skilaði 94 millj. kr. afgangi. Afgangurinn í Ölfusi er því 40.000 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Til að árangurinn væri sá sami í Árborg á þessum sömu COVID-tímum hefði þar þurft að vera afgangur upp á 392 millj. kr. en ekki halli upp á 949 millj. kr. Sveiflan er því upp á 1.338 millj. kr. Þetta sýnir að meirihluti bæjarstjórnar í Árborg ræður ekki við verkefnið sem honum var treyst fyrir sem vörslumönnum fjármuna sveitarfélagsins, þ.e. að fara vel með fé og gæta hagsmuna sveitarfélagsins og íbúa þess.

Bæjarfulltrúar D-lista í Árborg;
Gunnar Egilsson,
Brynhildur Jónsdóttir,
Kjartan Björnsson,
Ari Björn Thorarensen.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, shk@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánuðugum. Upplag: 8700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Á morgnana snyrti ég hrund og hal.
Hafragrautur er oft minn forði.
Ég er ofan við Hóla í Hjaltadal.
Ég er hálft þar á ykkar kaffiborði.

Svar við gátu í blaði 2597: BELTI.

1. lína: Mittisbelti - 2. lína: Hita- eða kuldabelti
3. lína: Skriðbelti

Hestaíþróttir og skipulagsmál

Hestaíþróttir eiga sér langa sögu í sveitarfélaginu Árborg en hestamannafélagið Sleipnir var stofnað í júní 1929 og nálgast því öðum 100 ára afmæli félagsins. Á þeim tíma sem liðinn er frá því félagið var stofnað hafa sveitarfélög og hreppar sameinast, aðstaða til iðkunar hestaíþróttar hefur tekið miklum breytingum og fjöldi iðkenda hefur margfaldast. Þess má geta að í dag eru hestaiþróttir önnur mest stundaða íþróttin á svæði HSK á eftir golfi og með fleiri iðkendur en almenningsíþróttir, knattspyrna og fimleikar sem koma næst á eftir. Sleipnir hlaut á dögunum unglingabikar HSK fyrir öflugt æskulýðsstarf. Sleipnir er fyrirmyndarfélag ÍSÍ og statar af afreks íþróttafólki í fremstu röð í heiminum í öllum keppnisgreinum og á öllum aldri, innan félagsins eigum við heimsmeistarara, norðurlandameistarara, íslandsmeistarara og sigurvegara á landsmóti. Í landsliðshópi Íslands 2021 eigum við fjóra atvinnuknappa og þrjá í landsliðshópi ungmenna en þessi árangur verður að teljast afar góður miðað við stærð félagsins.

Svæði hestamanna á Selfossi hefur í áramna rás verið fært í útjaðar byggðar en ekki hefur verið gert deiliskipulag fyrir elsta hluta svæðisins sem af þeim sökum hefur hvorki aðgang að heitu vatni né frárennsli. Þegar nýjasti hluti hesthúshæverfisins var byggður var sá hluti deiliskipulagður en eldri hlutinn skilinn eftir. Þessi staðreynd hamlar mjög framþróun og uppbyggingu á svæðinu svo ekki verður lengur við unað. Mikil gróska er í starfi félagsins, sem að mestu er unnið í sjálfbodaðavinnu og mikill hugur í félagsmönnum að fá aðstöðu bættu til þjálfunar og æfinga. Síðustu ár hefur þrengt mjög að reiðvegum sem eru okkar aðal þjálfunarsvæði. Hér er vísað til aukinnar umferðar vörubíreiða vegna efnisflutninga um Gaulverjabæjarveg og truflun frá iðnaðarsvæði sem liggur að okkar aðal reiðgötu sunnan Larsenstrætis. Nauðsynlegt er að afmarka þessi svæði frá athafnasvæði félagsins með lokuðum girðingum, mön eða sambærilegu, til að minnka slysaðættu sem nú er yfirvofandi og truflar mjög æfingar hjá félaginu.

Bæjaryfirvöld hafa tekið vel í að bæta úr stöðunni og hafa nýlega samþykkt að fara í vinnu við rammaskipulag um þarfir félagsins.

Svæði Sleipnis er í útjaðri Selfoss við sveitarfélagamörk Árborgar og Flóahrepps, en Flóahreppur heyrir jafnframt undir félagssvæði Sleipnis.

Í breytingartillögu aðal-

skipulags, Austurbyggð II, sem nú er til umfjöllunar hjá sveitarfélaginu Árborg, er fyrirhugað að minnka til muna landrými ætlað fyrir hestaíþróttir, án þess að landrými til framtíðar uppbyggingar félagsins hafi verið tryggt. Það er afar mikilvægt að sú breytingartillaga sem nú er til umfjöllunar, um að minnka svæði til hestaíþróttar og skipuleggja undir íbúabyggð, verði ekki afgreidd fyrr en fyrir liggur rammaskipulag fyrir hestaíþróttir í sveitarfélaginu og að framtíðarsvæði undir starfsemi félagsins hafi verið tryggt.

Í desember 2020 sendi stjórn Sleipnis umsögn félagsins um fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi til skipulagsdeildar Árborgar. Í framhaldinu voru haldnir fundir um stöðu félagsins í skipulagsmálum og nauðsyn þess að tryggja félaginu nægt landrými fyrir starfsemi, þar á meðal reiðvegi. Á fundum með fulltrúum bæjarstjórnar og verkefnisstjórn kom fram góður vilji til að byggja upp íþróttasvæði og aðstöðu Sleipnis en við höfum tekið skýrt fram að félagið geti ekki samþykkt tillögu að skipulagsbreytingu sem nú hefur verið auglýst, fyrr en að undangenginni vinnu við áðurnefnt rammaskipulag fyrir svæðið og að landrými til starfseminnar sé tryggt.

Stjórn Sleipnis hefur leitað til Flóahrepps um að breyta sínu aðalskipulagi í þá veru að tryggja félaginu landrými austan Gaulverjabæjarvegar og hefur sveitarstjórn tekið vel í þá umleitun. Með þessu vildi stjórn Sleipnis opna fyrir möguleika á stækkun til austurs því landsvæðið sem um ræðir í Flóahreppi er að hluta til í eigu Sveitarfélagsins Árborgar. Sleipnir er stærsti hagsmunaaðili ofangreindrar breytingartillögu og ber skipulags yfirvöldum að taka tillit til umsagnar félagsins, sem enn hefur ekki hlotið formlega afgreiðslu.

Á aðalfundi Sleipnis í mars 2021 var sett á laggirnir skipulagsnefnd sem ætlað er að vinna með skipulagsyfirvöldum að ramma-, og deiliskipulagi með hagsmunum félagsins að leiðarljósi. Við óskum eftir því að fulltrúi félagsins úr skipulagsnefnd fái jafnframt sæti í verkefnisstjórn um skipulagsbreytinguna sem nú er í vinnslu.

Við, Sleipnisfólk, beinum því til bæjarstjórnar að sýna í verki að þessu aldna, öflugra íþróttafélagi sé ætlað viðeigandi pláss í sveitarfélaginu fyrir sína starfsemi.

Sigríður Magnea
Björgvinsdóttir,
formaður Sleipnis.

Ársfundur deildar VR á Suðurlandi

Ársfundur deildar VR á Suðurlandi verður haldinn **fimmtudaginn 27. maí 2021 nk. kl. 18:00 á Austurvegi 56, Selfossi (3. hæð).**

Gestir fundarins

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR
Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR

Dagskrá

- Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
- Kosning stjórnar
- Önnur mál

Tilkynningar um framboð til stjórnar þurfa að hafa borist til VR á netfangið vr@vr.is fyrir kl. 18:00 fimmtudaginn 20. maí 2021.

Boðið verður upp á léttar veitingar



BYKO Timbursala Selfossi auglýsir eftir starfsfólki í kvöldvinnu

Við leitum að öflugum, hressum og áhugasömum starfsfólki í ýmis störf á timburlager BYKO Selfossi. Ef þú sinnir hlutum af fagmennsku, ert framsækinn og hefur gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

Áfyllingar á timburlager og tilfallandi störf tengd því, vinnutími er 17:30-22:00.

Við leitum að starfsfólki sem er:

- Með lyftarapróf
- Með góða hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaðarfullt
- Stundvíst
- Jákvætt
- Heiðarlegt

Sótt er um hjá Gunnari Bjarka verslunarstjóra, gunnarbr@byko.is
Umsóknarfrestur er til 30. maí.



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Aðalfundur

Aðalfundur eldri borgara á Eyrarbakka
verður haldinn á Stað fimmtudaginn
27. maí og hefst kl. 14.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kveðja stjórnin.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Starfskraftur óskast

Óska eftir starfsmanni í símsvörun, afgreiðslu
og létt þrif í Landeyjahöfn, einnig starfsmann í
hafnarvörslu.

Framtíðarstarf og/eða afleysingarstarf.
Vaktavinna.

Hæfniskröfur:

- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Ríka þjónustulund og færni
í mannlegum samskiptum.

Eldri en 22 ára.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist
á annaa@simnet.is



Eldstó Art Café

OPNAR

fimmtudaginn 6. maí.

Opið frá kl. 12 – 21.

Miðvikudag, fimmtudag,
föstudag, laugardag og sunnudag.

Hlökkum til að sjá þig.

Sími 482 1011 | eldsto.is | Hvolsvelli

Heimferðarsett Dagnýjar - annar hluti

Í dag birtum við uppskrift að buxum sem eru
í annar hluti af heimferðarsetti Dagnýjar, en
það er sett sem er sérstaklega sniðið fyrir
stúlkur. Við birtum fyrir skömmu uppskrift
að peysunni og væntanlegar eru uppskriftir
að húfu, sokkum og vettlingum við settið.

Efni: Ein hespa af Fingering frá Cascade, 2
tölur. 40 cm prjónn no 3,0 og ermprjónar
eða crazy-trio prjónar (sem okkur finnast
æðislegir) no 3. Prjónamerki, heklunál no 3.

Við byrjum á að prjóna skálmarnar. Fitjið
upp 50 lykkjur og prjónið perluprjón, fram
og til baka 2 umferðir. (Perluprjón er prjónað
þannig að til skiptis eru prjónaðar 1 sl, 1 br, út
umferðina, í næstu umferð er prjónað br yfir
sl og sl yfir br). Í næstu umferð gerum við
hnappagat í byrjun umferðar þannig: prjónið
perluprjón 2 l, prjónið 2 l saman, fitjið upp
2 l, takið næstu 1 óprjónaða, prjónið næstu
1 slétta og steypið óprjónuðu 1 yfir. Haldið
svo áfram með perluprjón þar til alls eru
komnar 6 umferðir. Fellið í næstu umferð
af 6 l (ofan við hnappagatið), tengið stykkið
saman í hring og prjónið slétt prjón. Setjið
prjónamerki milli 17. og 18. lykkju sem
marka miðju innanfótar þar sem útaukning
mun koma. Aukið út í 5 hverri umferð þannig
að þegar 1 l er að prjónamerkinu er garni
milli lykkna lyft upp og snúið til hægri og
prjónað slétt, prjónið næstu 2 l og lyftið aftur
garni milli lykkna upp og snúið til vinstri og
prjónið slétt. Haldið áfram að prjóna slétt í
hring og auka út þar til alls eru komnar 64 l
og skálmin mælist 20 sm frá uppfiti.

Prjónið þá aðra skálm eins, en athugið að
nú er hnappagatið gert í lok umferðar svo að
það lendi á utanverðum fæti.

Þegar báðar skálmarnar eru tilbúnar
eru þær færðar á stærri hringprjón, gætið
þess vel að hnappagötin séu utanfótar. Fitjið
upp 5 lykkjur á milli skálma bæði að
framan og aftan (138 l á prjóni). Merkið
miðju framhliðarinnar með prjónamerki.
Prjónið áfram slétt prjón í hring, en á miðri



framhlið eru 2 l prjónaðar saman fyrir
framan miðjulykkjunna, og aðrar tvær á eftir
miðjulykkjunni, alls 8 sinnum. Nú eru 122 l á
prjóninum. Prjónið slétt þar til stykkið mælist
13 sm frá klofbót. Nú er prjónað stroff, 1 sl,
1 br en fækkið í fyrstu umferðinni um 10 l
jafnt yfir umferðina. Prjónið alls 8 umferðir.
Í næstu umferð er búin til gatarönd en gætið
þess að halda stroffprjóninu: *prjónið 6 l,
sláið upp á prjóninn og prjónið 2 l saman*,
endurtakið * * út umferðina. Prjónið áfram
10 umferðir stroff. Fellið laust af.

Gangið frá endum, saumið tölu á hvora
skálm.

Snúra: Heklið loftlykkjulengju um það bil
100 cm langa með litnum sem notaður var í
peysuna (við prjónuðum bleika). Snúið við
og heklið 1 fastalykkju í hverja loftlykkju.
Klippið garnið frá, gangið frá endum. Þræðið
snúruna í gegnum götin á buxunum þannig
að endarnir mætist á miðju framstykki og
gott er að tylla henni fastri við mitt bakið.

Skolið buxurnar úr mildu sápuvatni og
leggið til þerris.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Loftslagsmálin í deiglunni hjá Sunnulækjarskóla á Selfossi

Nemendur í 10. bekk í Sunnu-
lækjarskóla eru búnir að
vera að vinna samstarfsverkefni í
náttúrufræði og samfélagsfræði.
Þema verkefnisins voru loftslags-
mál. Nemendur gátu valið á
milli ýmissa verkefna til dæmis
að koma með uppfinningu, gera
listaverk, láta gott af sér leiða,
endurnýta og fjalla um loftslags-
mál.

Mörg skemmtileg verkefni
fæddust. Til dæmis fundu nem-
endur upp belti sem hægt er að
flokka rusl í strax, þau gerðu
hlaðvarpsþætti um loftslagsmál,
glæsileg málverk, myndbönd,
tíndu rusl og endurnýttu. Einn
hópurinn tók til dæmis gamla



vespu sem átti að henda og
reiðhjól sem þeir lögðu og nýttu
parta úr vespunni í hjólið og
sköpuðu þannig rafmagnshjól.

Hreinsunarátak 2021

Hreinsunarátak verður í Sveitarfélaginu Árborg 17.-22. maí. Íbúar eru hvattir til að taka vel til í kringum sig eftir veturinn, hreinsa lóðir sínar, tína rusl, sópa gangstéttar og leggja sitt af mörkum til að fegra umhverfi okkar.

Á meðan á hreinsunarátaki stendur fellur gjaldtaka á gámasvæði niður.

Tekið er á móti garðaúrgangi á gámasvæðinu við Víkurheiði sem og í gryfju austan hesthúsahverfis á Stokkseyri.

Íbúar eru beðnir um að passa vel upp á að flokka rétt í gámana þar sem blöndun getur rýrt endurvinnslugildið og valdið auknum kostnaði. Eins er fólk beðið um að hafa samband við starfsmenn gámasvæðis séu gámar fullir.

Hreinsunarátakið hefst 17. maí og stendur til laugardagsins 22. maí.



RAFRAENN
Frímiði!

Frímiðar á gámasvæði verða gefnir út á rafrænu formi og má nálgast þá á heimasíðu Árborgar undir „Mín Árborg“.

Hægt verður að nálgast frímiða á gámasvæðið frá og með 17. maí 2021.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Flokkun sorps í Sveitarfélaginu Árborg

Í Árborg er þriggjatunnukerfi sem samanstendur af grátunnu, blátunnu og brúntunnu.

Í **bláu tunnuna** má setja allan pappír, pappa og plastumbúðir:

- ✓ Plastumbúðir
- ✓ Auglýsingapóst
- ✓ Bylgjupappír og pizzakassa
- ✓ Dagblöð og tímarit
- ✓ Eggjabakka
- ✓ Fernur og plastmál
- ✓ Umbúðir úr sléttum pappa
- ✓ Morgunkornspakka
- ✓ Pappapakningar af matvælum, s.s. kexi og pasta
- ✓ Prentpappír og umslög
- ✓ Málma í lausu

Í **gráu tunnuna** má setja:

- ✓ Allt almennt heimilissorp í poka

Rafhlöður, spilliefni og raftæki má hvorki setja í blátunna né grátunna. Þeim skal skilað á gámasvæði sveitarfélagsins að Víkurheiði 4 á Selfossi.

Í **brúnu tunnuna** má setja:

- ✓ Lífrænan eldhúsúrgang.



Dæmi: Ávextir, eldaða kjöt- og fiskafanga, brauðmeti, kaffikorg, tannstöngla, tepoka o.fl.

Stór bein eiga ekki að fara í brúnu tunnuna þar sem niðurbrot þeirra er afar hægt.

Íbúar eru hvattir til að pressa umbúðir vel saman þannig að minna fari fyrir þeim í tunnuni og í flutningi. Aðskotahlutir rýra endurvinnslugildi og valda auknum kostnaði svo passa þarf vel að ekkert aukarusl berist í blátunna. Fjarlægja þarf allar matar- og efnaleifar af umbúðum sem fara í blátunna.

Gámasvæði

Gámasvæði sveitarfélagsins að Víkurheiði 4 á Selfossi er móttökustöð fyrir fleiri flokka en flokkast með þriggjatunnukerfi. Íbúar eru hvattir til að nýta sér þá þjónustu. Á gámasvæðinu er m.a. tekið á móti spilliefnum, flokkuðu plasti, raftækjum og garðaúrgangi svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar um flokkunarmöguleika má finna á www.arborg.is.

Á gámasvæðinu geta íbúar jafnframt nálgast mold, sand, drenmöl og hrossaskít. Íbúar moka sjálfir á kerrur sínar og greiða fyrir hverja kerrufyllingu. Molta er einnig aðgengileg íbúum á gámasvæðinu og er hún endurgjaldslaus.

Opnunartími gámasvæðis 2021

Mánudaga	kl. 10:00-17:00
Þriðjudaga	kl. 10:00-17:00
Miðvikudaga	kl. 10:00-18:30
Fimmtudaga	kl. 10:00-17:00
Föstudaga	kl. 10:00-17:00
Laugardaga	kl. 10:00-17:00
Sunnudaga	Lokað

Boggugarðar

- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

 Erum á Facebook

Sólborg Ósk Kragh
GARÐYRKJUFRAÐINGUR

Sími 895 2766
solborgosk@gmail.com

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMETODDI.IS
WWW.PRENTMETODDI.IS



Sölumaður varahluta og verslunar

Landabúnaðardeild Aflvéla leitar að starfsmanni í sumarafleysingar á Selfossi, með möguleika á framtíðarstarfi

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um

Helstu verkefni

- Afgreiðsla varahluta
- Almenn verslunar og lagerstörf

Hæfniskröfur

- Tölvukunnátta
- Ensukunnátta
- Norðurlandamál kostur
- Reynsla og þekking á vélum og landbúnaði kostur
- Metnaður og frumkvæði í starfi

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda upplýsingar og ferilskrá á netfangið starf@afvlelar.is

Upplýsingar eru ekki veittar í síma eða á staðnum



Hjólandi frambjóðandi fann meðbyr

„Þetta var ákveðin hugdettu og ég átti auðvelt að fá fólk í þetta með mér,“ segir Björgvin Jóhannesson á Selfossi sem ákvað að hjóla um Suðurlanddæmi til að vekja athygli á framboði sínu í prófkjöri Sjálfstæðismanna með þessum sérstaka hætti. „Þetta var að hluta til vinahópur frá menntaskólaárunum á Laugarvatni og úr félags- og íþróttastarfi í gegnum tíðina sem lét til leiðast og hjólaði með mér,“ bætir hann við.

Björgvin og stuðningshópur hans hóf ferðina í blíðviðri í Sandgerði og hjólaði þaðan í Garð, og lét hópurinn sérstaklega vel af þeirri leið að sögn Björgvins. Þaðan var farið í Reykjanesbæ, rennt í Vogana og svo sem leið lá yfir til Grindavíkur. Þá tók við Suðurstandarvegurinn til Þorlákshafnar, og farið beggja vegna Ölfusáróssins, annars vegar upp Ölfusið til Hveragerðis og hinsvegar um Eyrarbakkan og Stokkseyri og þaðan á Selfoss. „Þetta tókst



Hópurinn kom við á bæjarstjórnarfundum í Hveragerði.

óskaplega vel og var vel tekið á móti hópnum allsstaðar,“ segir Björgvin.

Seinni dag ferðarinnar, upptíningardag, hófst ferðin í slyddu sem stóð yfir lungann úr morgninum en það hafði lítil áhrif á hjólahópinn að sögn Björgvins. Að þessu sinni var farið upp Grímsnesið, um Laugardalinn, stoppað í Efsta-Dal þar sem frambjóðandinn og fjölskylda hans eldaði ofan í mannskapinn. Þaðan var hjólað

í Reykholt og svo á Flúðir og þaðan á Hellu og síðar Hvolsvöll. Þegar þarna var komið ákvað hópurinn að halda áfram niður í Landeyjahöfn og fara til Vestmannaeyja, sem var loka áfangastaður seinni hjóladagsins að þessu sinni og að baki voru á fjórða hundruð kílómetrar. Til stendur að hjóla í Skaftafells-sýslunum um hvítasunnuna og segist Björgvin ekki síður eiga von á skemmtilegum hópi fólks með sér í það ferðalag.

Menning

Suðurlanddæmi er svo sannarlega hérað landbúnaðar, sjávarútvegs, ferðapjónustu og svo fjölmargra frumgreina okkar góða samfélags. Við eigum gróðursælt undirlendi, ótrúlega náttúrufegurð, gott aðgengi að fiskimiðum sem og útflutningshöfnum og millilandaflugvelli. Fleira má til nefna svo sem aðgangur að orku, vinnuafli og hreinu vatni. Engum dylst mikilvægi þessara hluta er kemur að byggðamálum.

Það er þó annað sem fólk nefnir almennt ekki í umræðum um landsbyggðarmál, en það er hlutur menningar. Vel má vera að aðgengi að menningu spili ekki stóra rullu þegar fólk velur sér búsetu, en ef sá hluti samfélagsins er ekki í lagi, þá er hætt við að allir þeir hlutir sem upp voru taldir í upphafi þessarar greinar, dugi skammt til að veita þá lífsfyllingu sem hver maður þarf. Menning er talin ein af frumþörfum mannsins og er sett til jafns við þörfina að seðja hungur, þreytu og að eðla sig. Sumir hagfræðingar ganga svo langt að setja menningu í efsta sæti þeirra atriða sem skora

mest þegar meta skal lífsskilyrði í samfélögum. Atvinna, samgöngur, fæðuöryggi og fleira kemur á eftir. Suðurlanddæmi er blessunarlega einnig ríkt af menningu og gefur öðrum landshlutum ekkert eftir hvað það varðar. Tónlistarlíf og aðrar listir skipa stóran sess, safnastarfsemi er með mesta móti, fjölbreyttar bæjarhátíðir blómstra og veitingastaði má víða finna sem mælast á mælistiku alheimsins og skora þar hátt. Þáttaka almennings í menningu er almennt góð, fjöldi kóra og annarra tónlistarhópa er starfræktur, leikfélög og ýmsir hópar í fjölbreyttum listgreinum. Þannig gefst íbúum bæði tækifæri að njóta menningar og að vera þátttakaendur.

Það er mikilvægt fyrir ráðamenn þjóðar að átta sig á gildi menningar í samfélögum. Sé þáttur menningar ekki tekinn inn í myndina þegar ræddu eru landsbyggðarmál, er víst að myndin verður skökk. Huga verður vel að því að búa menningarstarfsemi góðan jarðveg, þar sem almenningur getur stundað og notið lista og menningar. Án slíkrar hugsunar er allt tal um

Jarl
Sigurgeirsson
Vestmannaeyjum



landsbyggðarmál á veikum grunni byggð.

Ríki og sveitarfélög hafa komið myndarlega að þessum málum, með ýmsu móti, svo sem í gegnum menningarhluta uppbyggingarsjóða landslutanna og með fjárveitingum í menningarhúsi. Slík aðkoma opinberra aðila er nauðsynleg fyrir framgang menningar og í raun til fyrirmyndar hvernig fjármagni er deilt á svæðunum sjálfum en ekki miðlægt frá höfuðborginni.

Ég kem m.a. úr menningargeiranum og hef djúpan skilning á mikilvægi menningar fyrir samfélög. Ég tel að menningarstarf sé grunnforsenda samfélaga og að skapa þurfi jarðveg til að hún nái að blómstra. Þannig getum við nýtt okkur alla þá aðra kosti sem kjördæmið hefur upp á að bjóða.

Sumarstörf námsmanna

Í tengslum við verkefni stjórnvalda „Sumarstörf námsmanna“ auglýsir Flóahreppur eftir nema í tækni- eða verkfræði með þekkingu á teikniforritinu AutoCad.

Starfið felur í sér innmælingu á vatnsveitu og úrvinnslu gagna í AutoCad ásamt öðrum störfum sem til falla. Einnig er óskað eftir nema í umhverfisfræðum til þess að starfa á umhverfis og fasteignasviði sveitarfélagsins.

Umsóknir og nánari upplýsingar um umsækjendur berist á netfang Flóahrepps, floahreppur@floahreppur.is, fyrir 25. maí 2021.

Sveitarstjóri Flóahrepps



FLÓAHREPPUR

Afkoma bænda er hluti af fullveldi þjóðarinnar



Fæðuöryggi Íslendinga er háð nokkrum forsendum. Fyrir það fyrsta að auðlindir til framleiðslunnar séu til staðar, s.s. fiskistofnar og land til ræktunar. Að þekking á framleiðslu og tæki til framleiðslu séu til staðar og aðgengi að aðföngum sé tryggt.

Íslensk matvælaframleiðsla er mjög háð innfluttum aðföngum – sérstaklega eldsneyti og áburði, en einnig fóðri og sáðvöru, tólum og tækjum.

Íslenskur landbúnaður þarf því á sterkri sýn að halda, stuðningi landsmanna og stjórnvalda sem láta verkin tala og styðja landbúnaðinn með regluverki sem tekur mið af fámennri þjóð sem vill búa við eigið fæðuöryggi. Ef við lítum til frænda

okkar í Noregi gætum við lært margt til að bæta umgjörð og kjör bænda á Íslandi. Afkoma bænda er mikilvægur liður í fæðuöryggi Íslendinga og fullveldi landsins.

Norskir bændur og Stórþing-ið setja sér skýr meginmarkmið í landbúnaðarstefnu sinni.

- Fæðuöryggi
- Landbúnað um land allt
- Aukna verðmætasköpun
- Sjálfbærar landbúnað með minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Lykilþættir í fæðuöryggi Norðmanna er að tryggja innlenda framleiðslu í landinu og standa vörð um grundvöll framleiðslunnar og sterkari samkeppnisstöðu landbúnaðarins. Norðmenn setja sér það markmið að tvöfalda verðmætasköpun í landbúnaði á næstu 5 árum með auknu samstarfi afurðastöðva og samkeppnislöggjöf sem styrkir greinina í samkeppni við innfluttar landbúnaðarvörur.

Það er klárlega mín skoðun

að við verðum að standa með íslenskum bændum ef við ætlum að viðhalda og efla stöðu þeirra á matvælamarkaðnum og bæta afkomu þeirra til jafns við aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Fæðuöryggi þjóðarinnar mun haldast í takt við afkomu bænda. Þess vegna verða samkeppnisyfirvöld að opna augun og búa landbúnaðinum sömu starfsskilyrði og norskum bændum er búin í samkeppni sinni við innflutt matvæli.

Það er margt mótdrægt bændum á Íslandi þegar kemur að aðföngum, landnáði og veður-fari. En kostirnir eru líka í heilnæmu vatni, landrými, hreinu umhverfi og sjálfbærri orku til framleiðslunnar. Það verður aldrei auðvelt eða ódýrt að vera matvælaframleiðandi á Íslandi þar sem kaupmáttur og laun eru með því hæsta sem þekktist í heiminum. Þess vegna þarf hug-arfarsbreytingu þjóðarinnar um að standa með bændum og velja fæðuöryggi þjóðarinnar með því að velja og styðja íslenskt.

Ég vil sjá Ása Friðriks áfram á Alþingi

Nú fer að líða að prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi sem haldið verður 29. maí næstkomandi. Í því samhengi eru margir byrjaðir að hugsa um hvernig þeir vilji raða upp listanum. Í frambóði er úrval af góðu og hæfu fólki sem hefur allt til þess að geta staðið sig vel á Alþingi. Einn af þessum góðu frambjóðendum er þingmaðurinn okkar Ásmundur Friðriksson.

Það sem hefur einkennt Ása þau 8 ár sem hann hefur setið á þingi er dugnaður og elja í störfum hans fyrir fólk um land allt. Hann sýnir fólki raunverulega umhyggju sem hann lætur í ljós þegar eitthvað bjatar á. Ási er löngu þekktur fyrir dugnað í

heimsóknum í kjördæminu og ekki síður fyrir þau góðgerðarstörf sem hann er löngu orðinn þekktur fyrir.

Í störfum mínum hef ég líkt og margir aðrir þurft að glíma við hið opinbera. Í þeirri ósann-gjörmu glímu get ég með sannri sagt að fáir, ef nokkrir, hafa staðið eins vel við bakið á manni og hann Ási. Hann hefur með vilja og gjörðum sýnt fram á að honum er ekki sama um fólk eða störf í kjördæminu. Þetta hefur sést við mörg önnur tilefni, t.d. þegar hreingerningarfólki var sagt upp störfum á Heilbrigðis-stofnun Suðurlands þá mótmælti Ási, einn þingmanna og tók upp hanskann fyrir vinnandi fólk.

Þessa sömu sögu heyrir mað-

ur hvert sem maður fer í kjör-dæminu, fólk sem leitað hefur til Ása ber honum góða söguna, þar sé maður sem reynir eftir bestu getu að hjálpa fólki.

Ég vona að okkur veitist sú gæfa að hafa Ásmund Friðriksson í 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi kosningar, við þurfum nákvæmlega svona fólk á þing. Ég veit að margir gera ráð fyrir því að það verði raunin, en til að það raungerist verður fólk að mæta á kjörstað í prófkjörinu og kjósa Ása.

Setjum Ásmund Friðriksson í 2. sæti 29. maí nk.

Ólafur Hannesson, framkvæmdastjóri.

Orkan úr óþefnum!

Hver kannast ekki við að finna stingandi skítalykt læðast að vitum manns sem veldur oft mikilli ónotatilfinningu og jafnvel ógleði. Held að flestir kannist nú við það ef lyktarskynið er í lagi. En í hvert skipti sem ég finn þessa lykt þá hugsa ég: „Af hverju virkjum við ekki þessa orku?“ Þessari lykt fylgir oft mjög orkumikil gastegund sem kallast metan og metan má nýta sem orkugjafa. Þess skal þó geta að metangasið sjálft er lyktarlaus og myndast við rotnun lífrænna leyfa við loftfirrtar aðstæður, en er ansi oft fylgifyskur þar sem skítalykt er að finna.

Með því að safna saman metani sem myndast víðs vegar í okkar samfélagi, frá sorp-haugum, rotþróum, fjósum, fjárhúsum, svínabúum og fleiri stöðum mætti búa til verðmætan

orkugjafa fyrir Ísland. Hægt er að nýta það til að keyra áfram vörubíla, rútur og auðvitað heimilisbílinn. Ekki nóg með að vera kominn með innlendan orkugjafa með því að fanga metanið heldur erum við að draga úr gróðurhúsáhrifum. Metan er nefnilega mjög skaðleg gróðurhúsalofttegund og er talin vera um 21 sinni skaðlegri heldur en sameind af koltvísýringi.

Með því að brenna metan brotnar það niður í minna skaðlegar gróðurhúsalofttegundir. Með því að fanga metanið og nota sem eldsneyti á vélafloata landsins verður Ísland sjálfbærara um eldsneyti og dregur úr gróðurhúsáhrifum. Ef ekkert er gert flæðir metanið áfram út í andrúmsloftið og við verðum af þessum orkugjafa og umhverfið tapar. Metan er að myndast um allt land þannig að það myndi



líka styðja við að geta nálgast þennan orkugjafa víðs vegar um landið sem gerði það raunhæft að metanvæða hluta af vélafloata landsins.

Ungt Framsóknarfólk samþykkti á sambandsþingi sínu haustið 2020 ályktun um að leggja ætti áherslu á að safna metani og nýta sem orkugjafa þjóðinni til heilla.

Næst þegar þú finnur skítalykt hugsaðu; þarna er óbeisluð orka sem við ættum að nýta til að gera okkar samfélag sjálfbærara og umhverfisvænna.



NEI RÁÐHERRA!
Out of Order

3.sýning föstudaginn 21.maí (fáir miðar eftir)
4.sýning sunnudaginn 23.maí (fáir miðar eftir)
5.sýning föstudaginn 28.maí
6.sýning laugardaginn 29.maí
Sýningar hefjast kl: 20:00

Ekki verða fleiri sýningar að sinni, en leikritið verður tekið aftur til sýninga í september.

Miðaverð kr. 3,000- Fyrir hópa 10 eða fleiri kr. 2,500-
Miðapantanir í síma 896-8522 milli kl: 16:00 og 20:00
Sýnt í Leikhúsinu Austurmörk 23, Hveragerði

TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

UMSÓKN UM SKÓLAVIST 2021 - 2022

Umsóknarfrestur fyrir nýnema er til 1. júní 2021.

Sótt er um rafrænt á heimasíðu skólans www.tonar.is. Þar má líka finna nánari upplýsingar um skólann og öll skemmtilegu hljóðfærin sem eru í boði.

Það er vísindalega sannað að tónlistarnám hefur mjög góð áhrif á t.d. heilastarfsemi og er að auki gefandi og skemmtilegt.

Áhugasamir nemendur/forráðamenn eru því hvattir til að skoða heimasíðuna og senda inn umsókn.

Tónlistarskóli Árnesinga
www.tonar.is – tonar@tonar.is – Sími 482 1717

Íþróttir

Stelpurnar á toppnum

KNATTSPYRNA Selfoss situr í toppsæti Pepsi Max deildarinnar eftir tvo góða sigra í seinustu viku.

Fyrri leikurinn, gegn Þór/KA á Akureyri, vannst 0-2. Leikurinn var nokkuð jafn í fyrri hálfleik og áttu bæði lið ágætis færi. Brenna Lovera kom okkur yfir á 19. mínútu þegar hún fór með boltann upp að endalínu, kottaði inn og slútaði. Fallett og yfirvegað hjá markaskoraranum. Staðan í hálfleik var 1-0 en Caity Heap jók muninn á 65. mínútu með glæsilegu langskoti, sláin inn.

Stelpurnar voru með góða stjörn á seinni hálfleiknum og tóku þrjú stig með sér heim.

Í seinni leiknum unnu stelpurnar flottan 3-1 sigur á heimavelli gegn Stjörnunni.

Leikurinn var jafn í byrjun leiks og átti Guðný Geirsdóttir nokkrar geggjaðar vörslur fyrir Selfoss í fyrri hálfleik en á 32. mínútu kom Anna María Friðgeirsdóttir okkur yfir með fínu skoti. Staðan 1-0 í hálfleik.

Forystan hélst ekki lengi því Stjarnan jafnaði á 52. mínútu þegar Betsy Doon Hassett skoraði eftir klaufagang í vörninni hjá Selfoss. Markið hjá Stjörnunni gaf okkar konum auka kraft og á 62. mínútu var það Unnur Dóra Bergsdóttir sem skoraði með geggjuðum skalla eftir frábæra fyrirgjöf frá Brennu. Það var svo Hólmfríður Magnúsdóttir sem kláraði leikinn á 65. mínútu með hnitmiðuðu skoti eftir góðan sprett upp vinstri kantinn og undirbúning Önnu Maríu.



Anna María skoraði fyrsta markið gegn Stjörnunni og lagði það þriðja upp. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Næsti leikur hjá stelpunum er í kvöld, miðvikudag þegar þær sækja Þrótt heim í Laugardalinn kl. 20:00. -Umf. Selfoss/iri

Fyrstu stigin í Lengjudeildinni

KNATTSPYRNA Selfoss sótti þrjú stig í Breiðholtið þegar liðið mætti Kórdrengjum í Lengjudeildinni á föstudag.

Selfyssingar byrjuðu leikinn af miklum krafti og kom Kenan Turudija Selfyssingum yfir eftir tæplega fimm mínútna leik með góðu skoti sem markvörður Kórdrengja réði ekki við. Hrvoje Tokic tvöfaldaði forystu Selfyssinga eftir hálf tíma leik þegar hann stangaði boltann í netið eftir frábæra sendingu frá Þormari Elvars-syni. Selfyssingar leiddu með tveimur mörkum í hálfleik.

Kórdrengir náðu að klóra í bakkann þegar stundarfjórðungur var eftir af leiknum en Tokic gerði út um leikinn stuttu



Félagarnir Kenan (t.v.) og Tokic sá um markaskorun gegn Kórdrengjum. Ljósmynd: Umf. Selfoss

síðar með sínu öðru marki og þriðja marki Selfoss, lokatölur 1-3.

Afskaplega kærkomin þrjú stig og fyrsti sigurinn þetta

sumarið staðreynd. Næsti leikur hjá strákunum er á föstudagskvöld kl. 19:15 þegar liðið mætir Þrótti R. í Laugardalnum. -Umf. Selfoss/iri

Benedicte Håland til liðs við Selfoss

KNATTSPYRNA Knattspyrnudeild Selfoss hefur samið við norska markvörðinn Benedicte Håland um að leika með liði félagsins í sumar.

Håland er 23 ára gömul og kemur til Selfoss frá Bristol City í ensku úrvalsdeildinni. Áður lék hún með liðum Sandviken og Arna-Bjørnar í norsku úrvalsdeildinni. Hún á að baki átta landsleiki með yngri landsliðum Noregs.

„Við erum að fá fínasta markmann þarna í samkeppni við Guðnýju sem er búin að standa sig gríðarlega vel í fyrstu leikjunum. Það er mikilvægt fyrir okkur að hafa samkeppni um markmannsstöðuna eins og



Benedicte er reyndur markvörður. Ljósmynd: Bristol City

aðrar stöður. Við erum spennt að fá Benedicte til okkar, hún er hávaxin og sterk með góða reynslu og kemur til með að efla hópinn okkar enn frekar,“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss.

Í vetur kom þýski mark-

vörðurinn Anke Preuß til liðs við Selfoss en hún meiddist illa á hendi í vor og verður ekki leikfær í sumar. Guðný Geirsdóttir hefur varið mark Selfoss í fyrstu þremur leikjunum í Pepsi Max-deildinni en hún er að láni frá ÍBV út leiktíðina. -UMFS/gks



HANDBOLTI Strákarnir í 6. flokki (fæddir 2009) gerðu sér lítið fyrir og sigruðu 1. deildina í sínum aldursflokki um síðastliðna helgi. Þeir eru þ.a.l. í forystu á Íslandsmótinu þegar ein umferð er eftir. Stelpurnar í sama aldursflokki urðu í öðru sæti í 1. deild á sama móti og eru einnig í harðri baráttu um Íslandsmeistarátíðinn. Sannarlega efnilegur árgangur þar á ferð sem á framtíðina fyrir sér.

Góður sigur gegn Fram

HANDBOLTI Selfoss sigraði Fram örugglega, í Hleðsluhöllinni á sunnudag, 32-28.

Selfyssingar skoruðu fyrstu þrjú mörk leiksins en Fram skoraði næstu þrjú mörk. Jafnræði var með liðunum næstu mínúturnar og var staðan 5-5 eftir tíu mínútur. Selfoss tók forystuna á nýjan leik og komust skjótt aftur þremur mörkum yfir, 8-5. Strákarnir juku forystuna hægt og rólega í fyrri hálfleik og leiddu með sex mörkum í hálfleik, 20-14.

Selfoss hélt uppteknum hætti í seinni hálfleik og fljótt var munurinn orðinn tíu mörk, 26-16, mestur varð munurinn tólf mörk, í stöðunni 29-17. Síðustu tíu mínútur leiks gafst færi á að leyfa ungum og efnilegum strákum að spreya sig og gefa lykilmönnum hvíld fyrir lokatörnina. Á þeim kafla náðu Framarar að minnka muninn hægt og rólega niður án þess þó að ógna sigri Selfyssinga.

Mörk Selfoss: Atli Ævar Ingólfsson 8, Ragnar Jóhannsson 7, Hergeir Grímsson 5/1, Einar



Ragnar Jóhannsson var öflugur á báðum endum vallarins, skoraði sjö mörk og átti fimm sköpuð færi. Ljósmynd: Umf. Selfoss/SA

Sverrisson 4, Nökkvi Dan Ellidason 3, Tryggvi Þórisson 2, Gunnar Flosi Grétarsson, Ísak Gústafsson og Arnór Logi Hákonarson 1, Varin skot: Vilnius Rasimas 10 (34%) og Alexander Hrafnkelsson 2 (18%).

Selfoss er í 3. sæti Ólisdeildarinnar eftir 24 stig þegar tveir umferðir eru eftir af deildinni. Næst á dagskrá eru tveir leikir við nýkrýnda deildarmeistara Hauka. Fyrst á fimmtudagskvöldið þegar liðin mætast á Ásvöllum í bikarkeppninni og svo á mánudagskvöldið þegar liðin mætast í Hleðsluhöllinni í Ólis-deildinni. -Umf. Selfoss/esó

Aðalfundur frjálsíþróttadeildar

FRJÁLSAR Aðalfundur frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss sem frestað var í mars vegna samkomubanns verður haldinn

í Tíbrá í kvöld, miðvikudaginn 19. maí klukkan 20:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Um skólahald á Eyrarbakka

Gísli Halldór Halldórsson

bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Árborg



Eins og lesa mátti í nýlegu viðtali við undirritaðan, í Dagskránni þann 5. maí, þá fyrirfinnst vissulega sú hugmynd að hætt verði kennslu í stofunum á Eyrarbakka og henni þess í stað sinnt á Stokkseyri, þar sem er til húsa stjórnun og uppistaða starfsemi BES, Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þessi hugmynd hefur hinsvegar ekki verið tekin til skoðunar eða efnislegrar umræðu meðal bæjarfulltrúa, enda vilji þeirra ekki staðið til þess.

Afstaða íbúa

Talsverð óánægja hefur komið fram að undanförmu hjá mörgum íbúum Eyrarbakka vegna slíkra hugmynda sem bæjarstjóri viðraði í umræddu viðtali. Það þarf alls ekki að koma á óvart að fólk hafi ólíkar skoðanir á hugmyndum að breyttu fyrirkomulagi. Linda Ásdísardóttir lýsti ágætlega ýmsum sjónarmiðum íbúa í grein sinni í Dagskránni þann 12. maí. Slík umræða er til gagns og ber að fagna. Ég vil svo sem ekki kannast alveg við framsetninguna á öllu sem eftir mér er haft, en þeim sem vilja kynna sér mín orð er bent á viðtalið, sem birtist þann 5. maí undir titlinum *Tækifærin í Árborg felast í friðsæld og mannvænu umhverfi*. Margt kom fram í viðtalinu um þau tækifæri sem blasa við í byggðum Árborgar en það sem sérstaklega vakti óánægju margra íbúa á Eyrarbakka voru þessi orð mín: „Að mínu mati

er einnig mjög mikilvægt að styrkja skólastarfið enn frekar með því að sameina alla árgangana á Stokkseyri. Góður skóli er það sem fólk horfir til þegar það velur sér búsetu og núverandi fyrirkomulag með starfið á tveimur stöðum er satt best að segja ekki sannfærandi fyrir aðkomumann. [...] Það verða áreiðanlega ekki mörg ár þangað til fjölgun á svæðinu leiðir til þess að nýr fullbúinn skóli þarf að rísa á Eyrarbakka. Sá skóli mun þá þjóna Eyrbekkingum fyrir alla aldurshópa í grunnskóla og skólinn á Stokkseyri þjóna íbúum þar.“

Skoðanir og samræður

Skoðun bæjarstjóra á hvað heppilegt sé að gera í skólamálu BES er ekki endilega sannleikur eða besta niðurstaðan, frekar en almennt gildir um skoðanir fólks. Skoðun mín gæti því breyst með umræðum og samtali sem leiddu í ljós aðrar betri leiðir. Mitt mat í þessu máli byggir á nærri tveggja áratuga aðkomu að skólamálu á öllum skólastigum, skólum stórum sem smáum og m.a. í byggðum sem búa við talsvert krappari kjör en Eyrarbakki. Einnig hef ég rætt þessi mál við sviðsstjóra fjölskyldusviðs Árborgar og fleiri stjórnendur í fræðslumálum, þar sem fram hefur komið mat á ávinningi af því að kennslan verði á einum stað. Engu að síður geta verið til betri leiðir, sem henta betur íbúum, foreldrum og börnum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Það sem ég tek mjög sterkt út úr grein Lindu er að það sé óþolandi að ekki sé hægt að ræða þessi mál opinskátt milli íbúa og bæjaryfirvalda. Eins og hún segir: „Það er hins vegar óþolandi og virkilega niðurdrepandi að umræðan fylgi samfélaginu eins

og draugur ár eftir ár. Staðan var svipuð fyrir 10 árum.“ Ég er algerlega sammála Lindu um að það þurfi að vera hægt að ræða þessi mál, að íbúar þurfi ekki að þola það að þessi umræða sé einhverstaðar í bakgrunninum án þess að hægt sé að takast á við hana og rökræða. Jafnvel þegar mál eru tilfinningamál þá liggja ástæður að baki og þær er alltaf hægt að rökræða. Tilfinningar eru sjónarmið sem skipta máli og taka verður mark á.

Íbúaping á Eyrarbakka og Stokkseyri

Það er alrangt að umræðan um fyrrnefndar breytingar á skólastarfi í BES sé sprottin úr bæjarstjórn. Bæjarstjóri og sviðsstjóri fjölskyldusviðs hafa

reifað þessar hugmyndir við bæjarfulltrúa í nokkur skipti en þar hefur ekki verið vilji til að skoða málið frekar. Hverjum íbúa má vera ljóst að slíkar breytingar verða ekki skoðaðar í neinni alvöru án aðkomu foreldra, starfsfólks, skólakarna og annarra íbúa. Skólamál á borð við þetta er alltof stórt og mikilvægt til þess að ákvörðun megi taka án ítarlegrar umræðu og á þann veg að öll sjónarmið verði rædd, vegin og metin. Í raun og veru gæti það verið mjög þarft verk að stofna til íbúapings Eyrbekkinga og Stokkseyringa um skólamálin. Sveitarfélagið gæti kostað til vegna umbúnaðar, ráðgjafar, framsögumanna og annars sem

þyrfti til að halda slíkt þing. Þar gætu allir íbúar sem áhuga hafa tekið þátt í að móta sameiginlega afstöðu til þess hvernig þau vilja sjá skólamál á Eyrarbakka og Stokkseyri þróast í framtíðinni. Hugmyndin að sameinuðu skólastarfi á Stokkseyri er ekki sú eina sem bæjarstjóri hefur sett fram við bæjarfulltrúa. Ég hef einnig viðrað þá hugmynd að BES sé skipt upp og sjálfstæður skóli verði í báðum þorpum. Sú hugmynd hefur auðvitað líka sína ókosti, alveg eins og hin hugmyndin og alveg eins og núverandi fyrirkomulag. Minn vilji stendur fyrst og fremst til þess að við náum framförum í því að gera betra samfélag, í sátt við íbúana.



Til leigu atvinnuhúsnæði undir Eyjafjöllum

Mjög snyrtilegt 130 fm atvinnuhúsnæði ásamt 24 fm íbúðargámi á vinsælum áningarstað ferðamanna við þjóðveg 1 undir Eyjafjöllum, með útsýni til Eyjafjallajökuls. Í húsnæðinu var áður starfrækt fræðslusýning um eldgosíð í Eyjafjallajökli 2010 ásamt upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn.

Húsnæðið skiptist í: Rúmgóðan sal, stórt anddyri, skrifstofu- og kaffiáðstöðu, starfsmannasalerni og sex önnur salerni, þar af eitt með hjólastólaðgengi. Húsnæðið er kjörið fyrir þjónustu við ferðamenn, verslun eða sýningar.

Íbúðargámur er nýlegur og er með einu svefnherbergi, baðherbergi með sturtu og góðri eldhúsinnréttingu með öllum helstu tækjum. Við húsið er 1.000 fm malbikað bílastæði. Húsnæðið er laust strax.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Eggertsson í síma 892 0815 eða oli@thorvaldseyri.is.

Nemendur FSu fóru ferð á Eyjafjallajökul



Þriðjudaginn 27. apríl sl. gengu nokkrir nemendur ásamt kennurum á Eyjafjallajökul. Farið var með rútu að Seljavöllum, þaðan sem gengið var á topp jökulsins. Undir jöklinum er eldkeila sem gaus síðast árið 2010. Fjallið er eitt af hæstu fjöllum Suðurlands, 1666 m hátt og reynir á líkamlegt og andlegt þol göngumanna. Hluta af leiðinni

var gengið í línu, en það er mikilvægt öryggisatriði þegar gengið er yfir sprungusvæði eins og oft má finna á jöklum. Að lokinni göngu fundu einhverjir fyrir þreytu og einhver eymsli gerðu vart við sig, en umfram allt voru allir glaðir og ánægðir með sjálfa sig og afrekið. Nemendur stóðu sig eins og hetjur og voru sjálfum sér og skólanum sínum til sóma.

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
guðny@domusnova.is
Sími: 821-6610



Sverrir Sigurjónsson
Hdl.
Löggiltur Fasteignasali
sverrir@domusnova.is
Sími: 662 4422



Haukur Páll Ægisson
Aðstoðarm. fasteignasala,
í löggildingarnámi
hp@domusnova.is
Sími: 772 9970

DOMUSnova

Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Hjúkrunarfræðingur óskast til sumarafleysinga á Heilsustofnun í Hveragerði. Um er að ræða fjölbreytt starf í þverfaglegu samstarfi við aðrar heilbrigðisstéttir. Starfið felur í sér einstaklingsmiðaða hjúkrun, almenn hjúkrunarstörf og fræðslu. Unnið er á þrískiptum vöktum. **Starfshlutfall er eftir samkomulagi.**

Hæfniskröfur:

- Íslenskt starfsleyfi og góð íslenskukunnátta
- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Reynsla af þverfaglegu meðferðarstarfi er kostur
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

Umsóknir með ferilskrá berist til starfsmannastjóra á aldis@heilsustofnun.is

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á:

heilsustofnun.is/heilsustofnun/storf-i-bodi

Umsóknarfrestur er til 26. maí 2021

Nánari upplýsingar veita:

Margrét Grímsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar – margretg@heilsustofnun.is

Stefanía Sigurjónsdóttir deildarstjóri hjúkrunar – stefania@heilsustofnun.is

Aldís Eyjólfssdóttir starfsmannastjóri – aldis@heilsustofnun.is s. 4830300



Berum ábyrgð á eigin heilsu

www.heilsustofnun.is

Má bjóða þér spennandi sumarstarf hjá SASS?

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) auglýsa spennandi sumarstarf fyrir námsmenn, starf sem veitir góða innsýn í sunnlenskt samfélag.

Starfið er í samræmi við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar til fjölgunar sumarstarfa fyrir námsmenn. Skilyrði er að námsmaðurinn sé á milli anna, þ.e. hafi stundað nám á vormisseri, sé skráður í nám á haustmisseri og geti framvísað staðfestingu þar um. Ráðningartími er tveir og hálfur mánuður á tímabilinu 1. júní – 15. september 2021. Námsmaðurinn þarf að vera að lágmarki 20 ára á árinu.

Verkefni sumarstarfsmannsins snýr að átaksverkefni á kortlagningu atvinnulífs á Suðurlandi. Um er að ræða vinnu við verkefnið **Invest South** sem er upplýsingavefur fyrir fjárfesta á Suðurlandi. Vefsvæðið er í vinnslu. Vinnan felst í greiningu, samantekt og framsetningu á texta, gögnum og myndum sem tengjast verkefninu. Starfið verður unnið undir handleiðslu sérfræðinga sem munu veita góðan stuðning og leiðsögn á meðan á verkefnatímanum stendur.

Leitað er eftir námsmanni sem:

- Stundar nám sem styður við verkefnið
- Er góður textasmiður og með rithæfni á íslensku og á ensku
- Getur tamið sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hefur þann kost að geta sett flókna hluti í einfalt samhengi

Starfsstöð er á Suðurlandi.

Nánari upplýsingar veita Bjarni Guðmundsson, bjarni@sass.is og Þórður Freyr Sigurðsson, thordur@sass.is.

Tekið er á móti umsóknum, með ferilskrá og kynningarbréfi, til og með 25. maí nk. og skal senda þær á netfangið sass@sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Þrennir glæsilegir framhaldsprófstónleikar frá Tónlistarskóla Árnesinga



Þrír nemendur ljúka námi við Tónlistarskóla Árnesinga núna í vor með framhaldsprófi. Það eru þær Íris Beata Dudziak á píanó, Katrín Birna Sigurðardóttir á selló og Arndís Hildur Tyrfingsdóttir á víólu.

Lokatónleikar nemendanna þriggja í vor voru sérlega glæsilegir, flytjendum og kennurum þeirra til mikils sóma. Auk einleiksatriða lék píanókvintett skólans verk eftir Dvorák, en kvintettinn skipa próftakarnir þrír og fiðlunemendurnir Elísabet Anna

Dudziak og Ingibjörg Ólafsdóttir. Píanómeðleikur var í höndum Einars Bjarts Egilssonar.

Tónleikarnir fóru allir fram í Hveragerðiskirkju, en vegna Covid voru þeir ekki auglýstir opinberlega eins og vant er, heldur aðeins opnir boðsgestum.

Við óskum Írisi, Katrínu og Arndísi innilega til hamingju með þennan stóra áfanga og glæsilegan árangur.

Helga Sighvatsdóttir,
skólalastjóri.

Mikil hætta á gróðureldum vegna þurrka

Slökkviliðsstjórar Brunavarna Árnassýslu og Brunavarna Rangárvallasýslu tóku þá sameiginlegu ákvörðun í síðustu viku að banna meðferð opins elds vegna þurrkatíðar sem nú geisar. Slökkviliðsstjórnir hafa sammælt um að slíkt bann væri nauðsynlegt þar sem mikil eldhætta getur skapast af litlum neista, sagði í tilkynningu frá Brunavörnum Árnassýslu og Brunavörnum Rangárvallasýslu. Samkvæmt upplýsingum frá Péttri Péturssyni, slökkviliðsstjóra B.A. er ástandið í sýslunni sérstaklega viðkvæmt með tilliti til gróðurelda.

Aðgengi fyrir búnað getur verið flókið

„Við höfum áhyggjur af ástandinu, vissulega. Þessir eldar geta verið óaðgengilegir fyrir okkar tæki að komast að, sem gerir slökkvistarfið flóknara og seinvirkara. Þá er eins og allir vita, skjólan sem hægt var að nota við þyrllu Landhelgisgæslunnar biluð. Okkur er því sniðinn þrengri stakkur í viðbragðinu. Þess vegna viljum við biðla til fólks og ítreka það með banni við opnum eldi að fara varlega. Það vill enginn hleypa af stað stórum gróðureldum sem eru jafnvel ill viðráðanlegir og valda skemmdum á mannvirkjum og



ógna lífi og heilsu fólks,“ segir Pétur í samtali við Dagskrána.

Sumarhúsaeygendur sinni forvörnum og viðbragðsáætlanum

Við spyrjum Pétur um sumarhúsabyggðina hér í sýslunum. „Það er engin launung að við erum með stærsta sumarhúsa-svæðið á landinu og það getur margt farið úrskeiðis í svona þurrkatíð. Við biðlum til eigenda húsa og gesta þeirra að fara varlega með eld. Á heimasíðunni groðureldar.is eru leiðbeiningar til sumarhúsaeygenda og annarra aðila og ég vil beina orðum mínum til allra að kynna sér málið vandlega. Það getur á ögurstundu komið í veg fyrir mikinn harm. Þar er bæði farið í forvarnir og viðbragð við vá. Ef við sinnum forvörnum og eigum viðbragðsáætlanir fyrir sumarhúsið eða sumarhúsabyggðina þá er mikið unnið. Nú gildir að fara varlega með eldinn og huga að þessum atriðum, segir Pétur að lokum.

-gpp

Minningarorð:

Sveinn Ármann Sigurðsson

Félagi okkar og söngbróðir til 15 ára, Sveinn Ármann Sigurðsson, lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Reykjavík 6. maí sl.

Með örfáum orðum viljum við kveðja góðan félag.

Sveinn Ármann fæddist í Skógsnesi í Gaulverjabæjarhreppi 6. október 1944 og ólst þar upp. Denni, eins og hann var kallaður, fluttist að Selfossi 1968 og tók strax virkan þátt í mannlífi bæjarins. Var mikill íþróttamaður og sat til fjölda ára bæði í stjórn knattspyrnu-deildar og handknattleiks-deildar Umf. Selfoss og var vel látinn knattspyrnudómari. Hann stundaði sjómennsku og byggingarvinnu, en vann síðan í fjöldamörg ár í Sundhöll Selfoss og síðar við afgreiðslustörf á byggingavörum bæði í Húsasmíðjunni og BYKO. Börn Sveins Ármanns með Sigurbjörgu Gísladóttur eru: Bryndís f. 17.3.1968, Magnús Gísli f. 15. 4. 1971 og Kristín f. 2. 1. 1973.

Sveinn Ármann gekk til liðs við Karlakór Selfoss 2004 og söng í II. tenór, var lagviss og fljótur að læra texta. Hafði reyndar áður sungið með Samkór Selfoss um árabíl. Hann var mikill félagsmaður og karla-kórinn var honum mikils virði, sem og starfsemi kvennaklúbbs karlakórsins var eftirlifandi



eiginkonu hans Guðrúnu Jónu Guðbjartsdóttur, en þau gengu í hjónaband 15. nóvember 2014. Saman tóku þau hjón virkan þátt í öllu starfi kórsins og fóru með í ferðalög kórsins bæði innanlands og utan. Er ljúft að minnast margra góða stunda á undangengnum árum. Denni hafði átt við einhver veikindi að stríða síðustu misseri, en samt kom kallið nú í maíbyrjun mjög á óvart.

Það er mikil eftirsjá í Denna og margir kórfélagar munu sakna okkar glaðværa og góða félaga. Eiginkonu hans, börnum og öðrum aðstandendum eru sendar innilegar samúðarkveðjur frá Karlakór Selfoss.

Valdimar Bragason,
fyrirr. form. KS.

Zelsíuz hreppir

Hvatningarverðlaun SAMFÉS

Félagsmiðstöðin Zelsíuz í Árborg hlaut á dögunum Hvatningarverðlaun SAMFÉS fyrir verkefnið sitt „Sérstuðningur í Zelsíuz“. Verðlaunin eru veitt þeim verkefnum innan félagsmiðstöðva sem talin eru vera öðrum til eftirbreytni og hvatning til góðra verka. Arnar Helgi Magnússon er umsjónarmaður verkefnisins hjá Árborg og er að vonum stoltur af árangrinum. Við slóum á þráðinn til Arnars og spurðum út í verkefnið.

Um hvað snýst verkefnið? „Það snýst í raun um að efla börn félagslega og styrkja persónulega. Þetta eru sem dæmi börn eða unglingar sem hafa einangrast félagslega af einhverjum ástæðum. Við í sveitarfélaginu Árborg vinnum mikið með svo kallaða snemmtæka íhlutun og verkefnið er liður í því,“ segir Arnar.

Verkefnið vekur athygli annarra sveitarfélaga
Arnar segir það vera mikinn heiður fyrir þá sem koma að verkefninu með einum eða öðrum hætti að fá þessa viðurkenningu frá SAMFÉS. „Svona viðurkenning er til marks um að við séum að gera góða hluti og huga að því sem skiptir máli. Síðustu ár hefur verkefnið vaxið jafnt



Arnar Helgi Magnússon.

og þétt og vonandi náum við að halda þeirri vegferð áfram. Úrræðið hefur sannað gildi sitt margoft og hjálpað fjölmörgum einstaklingum að rjúfa félagslega einangrun og efla sjálfstraust. Við höfum einnig haft af því spurnir að önnur sveitarfélög sjái tækifæri í svona verkefni,“ segir Arnar. Innan sveitarfélagsins eru fjölmargar stofnanir sem koma að verkefninu, sem er unnið á þverfaglegum grunni. Arnar segir að slíkt samstarf sé lykilatriði í góðum árangri. „Það er farsælt samstarf á milli Félagsmiðstöðvarinnar, barnaverndar, skólanna, skólapijónustunnar og félagsþjónustunnar almennt. Öll vinnum við saman með það skýra markmið að bæta stöðu barna og unglinga í sveitarfélaginu okkar,“ segir Arnar að lokum.

AÐALFUNDUR

Stjórnendafélag Suðurlands heldur aðalfund á Hótel Selfossi þriðjudaginn 1. júní nk. kl. 19:00.

Matur í boði félagsins í upphafi fundar.
Öllum sóttvarnareglum verður fylgt.



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS

- Dagskrá:
- Venjuleg aðalfundarstörf
 - Lagabreytingar
 - Fulltrúi frá Sambandi stjórnendafélaga mætir á fundinn
 - Leó Árnason verður með kynningu á miðbænum á Selfossi

Sviðsstjóri

framkvæmda- og veitusviðs



Bláskógabyggð auglýsir starf sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs laust til umsóknar. Bláskógabyggð er blómlegt sveitarfélag í uppsveitum Árnessýslu. Íbúar eru um 1.150 og auk þess eru um 2.000 sumarhús í sveitarfélaginu. Þéttbýliskjarnar eru þrír, Laugarás, Laugarvatn og Reykholt. Starfsstöð sviðsstjóra er í Aratungu í Reykholti.

Undir framkvæmda- og veitusvið heyra fasteignir sveitarfélagsins og gatna-kerfi, vatns-, hita- og fráveita, ljósleiðari, umhverfis- og hreinlætismál, auk reksturs þjónustumiðstöðvar, íþróttamiðstöðva og félagsheimilisins Aratungu, þ.m.t. mótuneytis.

Næsti yfirmaður er sveitarstjóri, en næstu undirmenn eru veitustjóri, forstöðumenn íþróttamannvirkja, matráður og starfsmenn framkvæmda- og veitusviðs. Framkvæmda- og veitunefnd fjallar um málefni sviðsins.

- Meginverkefni:**
- Stjórnun og daglegur rekstur framkvæmda- og veitusviðs.
 - Umsjón og ábyrgð á umhverfis- og hreinlætismálum.
 - Umsjón og ábyrgð á málefnum veitna, í samstarfi við veitustjóra.
 - Umsjón og ábyrgð á viðhaldi og nýframkvæmdum.
 - Gerð fjárhags- og viðhaldsáætlana fyrir sviðið og þátttaka í stefnumótun.
 - Yfirumsjón með rekstri íþróttamannvirkja og félagsheimilisins Aratungu.

- Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. menntun á sviði verk-, tækni- eða viðskiptafræði eða sambærilegt nám með haldbærri reynslu af verkefnum sem falla að starfinu.
 - Þekking og reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi, verkefnastjórnun og verkstjórn.
 - Þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum.
 - Skipulagshæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.
 - Rík þjónustulund og afar góðir samskiptahæfileikar.
 - Góð tölvukunnátta og reynsla af notkun Word, Excel og fjárhagskerfa.
 - Góð íslenskukunnátta.

Frekari upplýsingar um starfið:
Upplýsingar um starfið veita Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, asta@blaskoga-byggd.is og Helgi Kjartansson, oddviti, oddviti@blaskogabyggd.is, eða í síma 480 3000. Umsóknir skulu berast til sveitarstjóra á netfangið asta@blaskoga-byggd.is. Umsóknarfrestur er til og með **26. maí 2021**.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn skal fylgja greinargóð náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni um-sækjanda í starfið.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.


Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

BÍLAR

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KIRKJUR

Selfosskirkja

Hátíðarguðspjónusta hvíta-
sunnudag 23. maí kl. 11:00.
Kirkjukórinn syngur við undirleik
Edít A. Molnár organista. Gunnar
Jóhannesson þjónar fyrir altari.

Árbæjarkirkja

Fermingarmessa á hvítasunnu-
dag, 23. maí, kl. 11:00.

Skarðskirkja

Fermingarmessa á hvítasunnu-
dag, 23. maí, kl. 14:00.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 22. maí.
Bíbliulexíur kl. 11 og guðspjón-
usta kl. 12, ræðu hefur Judel
Ditta. Verið velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Hátíðar- og fermingarmessa á
hvítasunnudag kl. 14.00. Sr. Egill
Hallgrímsson annast prestspjón-
ustuna. Organisti er Jón Bjarna-
son. Skálholtskórinn syngur.
Fermd verða sjö börn. Sungnir
verða hátíðasöngvar sr. Bjarna
Þorsteinssonar.

Áhyggjur af hraðakstri og umferðaröryggi í Hveragerði

Hraðakstur innanbæjar í
Hveragerði hefur verið
nokkuð til umræðu að undan-
förnu í bæjarfélaginu. Er það
ekki í fyrsta sinn sem umræða
um of mikinn umferðarhraða
skapast á meðal íbúa.

Á fundi bæjarráðs þann 6.
maí sl. var lagt fram bréf frá
íbúum við efri hluta Heiðmerkur
þar sem þeir koma á framfæri
óánægju sinni vegna umferðar-
hraða við götuna.

Afgreiðsla bæjarráðs var
svohljóðandi:

„Bæjarráð tekur undir
áhyggjur íbúa af hraðakstri í
bæjarfélaginu og hvetur íbúa
sem og gesti bæjarins til að
aka í samræmi við löglegan há-
markshraða.

Samkvæmt umferðarörygg-
isáætlun Hveragerðisbæjar er
Heiðmörkin safngata með 30
km hámarkshraða. Á Heiðmörk
ofan Breiðumerkur eiga að
vera tvær gönguþveranir (upp-
hækkuð 30 km hlið) önnur rétt
ofan við Breiðumörk og hin rétt
ofan við Laufskóga. Nú hefur
þverunin við Breiðumörk verið
boðin út og mun framkvæmdum
við hana ljúka í júní.

Bæjarráð leggur til við bæj-
arstjórn að þverunin ofan við
Laufskóga verði einnig fram-
kvæmd í sumar enda eru þau
gatnamót með þeim hættuleg-
ustu í bæjarfélaginu og brýnt að
þar geri vefarendur sér grein
fyrir því að Laufskógar eiga
þar umferðarréttinn. Bæjarráð



vill jafnframt fela skipulags- og
mannvirkjanefnd að fara yfir
umferðaröryggisáætlun bæjar-
ins með það fyrir augum að meta
hvort nóg sé að gert í umferðar-
öryggismálum í bæjarfélaginu
og meðal annars hvort hægt sé
að fjölga gönguþverunum.“

Samkvæmt upplýsingum frá
Aldísi Hafsteinsdóttur mega
íbúar búast við að á næstunni
verði ráðist í þær úrbætur sem
þarna voru samþykktar. „Ekk-
ert kemur samt í staðinn fyrir
það að íbúar og gestir bæjar-
ins fari að lögum og virði þann
hámarkshraða sem í gildi er á
götum bæjarins. Það er auðvitað
harla sérkennilegt að í sífellu
berast kvartanir undan of mikl-

um hraðakstri og það jafnvel í
íbúðabotnlöngum. Það er ekki
hægt annað en að hugsa til þess
að ef við öll, íbúarnir í Hvera-
gerði, færum eftir þeim reglum
sem um hraða bifreiða gilda þá
væri vandinn miklu minni en
hann er í dag. Við getum öll
reynt að gera betur hvað það
varðar og þar með bætt umferð-
armeningu í bænnum til mikilla
muna. Vil svo reyndar minna
á að vegalengdir hér í Hvera-
gerði eru ansi stuttar og því væri
líka ánægjulegt að sjá enn fleiri
einstaklinga ganga eða hjóla í
vinnu eða skóla og að við þann-
ig myndum hvíla bílinn oft en
við gerum í dag!“

Innleiðing tækninýjunga í Grunnskólanum í Hveragerði

Umfangsmikil innleiðing
tækninýjunga á sér nú stað
í Grunnskólanum í Hveragerði.
Er þar unnið eftir tillögum sem
starfshópur, sem skipaður var
af bæjarstjórn og meta skyldi
þörf á upplýsingatæknibúnaði
í Grunnskólanum í Hveragerði,
lagði fram.

„Meginmarkmið vinnu
starfshópsins var að vinna
leiðarljós í upplýsingatækni
sem síðar yrðu nánar útfærð af
starfsmönnum grunnskólans.
Leggja mat á núverandi tækja-
kost Grunnskólans í Hveragerði.
Meta mismunandi útfærslur og
leiðir með hliðsjón af tækni-
málum og búnaði og leggja
fram kostnaðarmetnar úrbátatil-
lögur fyrir næstu 4 ár,“ segir
Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri
Hveragerðisbæjar.

Í starfshópnum áttu sæti
Aldís Hafsteinsdóttir bæjar-
stjóri, Alda Pálsdóttir formaður
fræðslunefndar, Sævar Þór
Helgason skólastjóri grunns-
kólans, Katrín Möller fulltrúi
TRS, Kristín Arna Hauksdóttir
kennsluráðgjafi á grunnskóla-

stigi hjá Skóla- og velferðar-
þjónustu Árnesþings, Kristinn
Ólafsson kennari sem sér um
upplýsingamál grunnskólans og
Sigmar Karlsson deildarstjóri.

Skýrsla starfshópsins var
lögð fyrir bæjarstjórn nýverið
en þar kemur meðal annars fram
eftirfarandi framtíðarsýn: „Skól-
inn verði vel búinn tækjum til
kennslu og þannig verði komið
til móts við alla nemendur með
fjölbreyttum kennsluáðferðum
og verkefnaskilum. Að nem-
endur hafi aukið val svo áhugi
þeirra og styrkleiki nýtist sem
best í náminu og þar er tæknin
frábært verkfæri til að mæta
þörfum nemenda. Í skólanum
starfi kennarar sem hafa áhuga
á að nýta tækni í kennslu og
fái þann stuðning sem þarf til
að gera svo. Upplýsingatækni
er einn helsti drifkraftur í nýs-
köpun og endurmótun í skóla-
starfi. Fjölbreytt og framsækin
notkun á upplýsingatækni getur
auk þess stuðlað að aukinni um-
hverfisvernd og grænni hugs-
un.“

Á fundi bæjarstjórnar var

starfshópnum þakkað fyrir vel
unnin störf og greinargóða og
ítarlega skýrslu. Bæjarstjórn tók
undir að það sem skiptir mestu
máli sé að styrkja tæknihæfni
nemenda og kennara og að þeir
geti nýtt sér getuna til áfram-
haldandi vaxtar. Til þess að svo
megi verða þarf að efla tækja-
kost til muna, efla og fræða
kennara í starfi en samkvæmt
skýrslunni skal stefnt að því að
spjaldtölvur verði nýttar í öllum
árgöngum skólans og að auki
verði Chromebook tölvur nýttar
á öllum skólastigum.

Bæjarstjórn samþykkti þau
innkaup sem lögð voru til
vegna ársins 2021 en vísaði
öðrum ákvörðunum til gerðar
fjárhagsáætlunar hvers árs.
Kostnaður vegna ársins 2021
fellur undir fjárfestingu vegna
viðbyggingar við skólann en
tækin sem nú verða keypt munu
nýtast þar. Að lokum óskaði
bæjarstjórn eftir því að hópurinn
myndi hittast aftur að tveimur
árum liðnum og meti þá árangur
af þeim skrefum sem þangað til
verða stigin.



Steag Power Minerals

Efnistaka á Mýrdalssandi

Mat á umhverfisáhrifum. Kynning á drögum að tillögu að mats-ætlun og athugasemdafrestur.

Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdafrestur frá 21. maí til og með 4. júní 2021.

Til stendur að ráðast í umfangsmikið vikurnám á Mýrdalssandi á efnistökusvæði E17 á gildandi aðalskipulag Mýrdalshrepps og er nauðsynlegt að fjalla um efnistöku í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Drög að tillögu að matsáætlunum eru nú birt til kynningar á heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU, www.efla.is.

Allir geta gert athugasemdir við drögin. Koma skal athugasemdum til Snævarrs Arnar Georgssonar hjá verkfræðistofunni EFLU á netfangið snævarr.georgsson@efla.is. Skriflegar athugasemdir skal merkja „Mýrdalssandur – efnistaka“ og senda til Snævarrs Arnar Georgssonar, EFLA Verkfræðistofa, Glerárgata 32, 600 Akureyri.

Deildarstjórar og leikskólakennarar óskast til starfa frá 17. ágúst nk.



Leikskólinn Óskaland auglýsir eftir metnaðarfullum deildarstjórum og leikskólakennurum á allar deildir.

Leikskólinn Óskaland er fjögurra deilda leikskóli í vaxandi gróskumiklu bæjarfélagi. Í leikskólanum starfar áhugasamt og metnaðarfullt starfsfólk og þar stunda nám fyrirmyndar börn sem þurfa fleiri áhugasama kennara. Undirbúningsvinna er hafin að innleiðingu Heilsueflandi leikskóla. Nánari upplýsingar um leikskólann má sjá á heimasíðu leikskólans: oskaland.karellen.is.

Leitað er að metnaðarfullum, skapandi og jákvæðum einstaklingum með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum æskileg
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslenskri tungu
- Hreint sakavottorð

Fáist ekki menntaðir leikskólakennarar eða fólk með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu kemur vel til greina að ráða leiðbeinendur tímabundið í lausar stöður! Starfið hentar öllum kynjum.

Umsóknarfrestur er til 15. júní nk.

Umsóknum skal skilað á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði.

Umsóknareyðublöð má finna á vef Hveragerðisbæjar: www.hveragerdi.is.

Nánari upplýsingar veitir Gunnvör Kolbeinsdóttir skólastjóri í síma 483 4139 eða á netfangið: oskaland@hveragerdi.is

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi við komandi stéttarfélags. Með umsókn um störfin skal fylgja afrit af leyfisbréfi, skrá yfir starfsferil og menntun og upplýsingar um umsagnaraðila.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætla:

1. Eyvindartunga L167632, stækkun Lönguhlíðarnámu E19 – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. mars 2021 að kynna lýsingu skipulagsbreytingar vegna mögulegrar stækkunar Lönguhlíðarnámu. Í breytingunni felst að náman, skilgreind E19 á aðalskipulagi, stækkar úr 2 ha í 4,95 ha og efnismagn úr 50.000 m³ í 149.500 m³.

2. Þórisstaðir land L220557. Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þórisstaða lands L220557. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði innan landeignarinnar. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætla:

3. Skálpanesvegur – Tvær námur – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna skilgreiningu tveggja efnistökusvæða við Skálpanesveg. Í breytingunni felst að skilgreind eru tvö ný svæði, E129 við Skálpanes þar sem gert er ráð fyrir allt að 20.000 m³ efnistöku á um 1 ha svæði og E130 við Geldingafell þar sem gert er ráð fyrir allt að 5000 m³ efnistöku á um 0,5 ha svæði.

4. Reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreininga á reiðleiðum. Í breytingunni felst að sett verður inn reiðleið meðfram hluta Skeiða- og Hrunamannavegar og reiðleið sem fyrir er í aðalskipulagi færast vestur fyrir veg.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætla:

5. Brautarholt – Færsla Vallarbrautar og þétting byggðar – Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. apríl 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar að Brautarholti. Í breytingunni felst færsla á Vallarbraut til austurs og þétting byggðar.

6. Tjörn land L210675 (Hryggholt), lögbýli – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 6. maí 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lands Tjarnar, L210675. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda og notkunar innan landsins. Gert verði ráð fyrir að á svæðinu verði byggð upp bæjartorfa með minniháttar búrekstri s.s. hrossarækt og ylækt. Auk þess verði gert ráð fyrir ferðaþjónustu og skógrækt. Gert er ráð fyrir því að landeignin fái staðfangið Hryggholt.

7. Fæla L218840, lögbýli – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lands Fælu, L218840. Í deiliskipulaginu felst skilgreining framkvæmdaheimilda innan landsins fyrir íbúðarhúsi með bílskúr, tveimur minni húsum að 60 fm auk fjölnotahúss til atvinnurekstur og gripahús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.gogg.is/>, <https://www.fludir.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Skipulagstillögur og lýsingar mál nr. 1 og 2 eru í kynningu frá 19. maí 2021 til og með 9. júní 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 9. júní 2021. Aðalskipulagsbreytingar í liðum 3 og 4 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 19. maí 2021 til og með 2. júlí 2021. Deiliskipulagstillögur í liðum 5, 6 og 7 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 19. maí 2021 til og með 2. júlí 2021.

Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 2. júlí 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.

Mjótt á munum í efstu sætum Skjálftans



Atriði frá Sunnulekjarskóla á Selfossi tryggði sér sigurinn. Mynd: Ingibjörg Torfadóttir.

Úrslitin í Skjálftanum 2021 liggja nú ljós fyrir eftir spennubrunna úrslitastund sem fór fram með mjög óhefðbundnum hætti. Skjálftinn er hæfileikakeppni fyrir ungmenntu í grunnskólum á Suðurlandi, byggð á Skrekk sem haldinn hefur verið í Reykjavík í 30 ár. Salka Sól, dómari í keppninni, sagði að mjög mjótt hafi verið á munum í efstu sætum Skjálftans og að greinilegt sé að sunnlenskir unglingar séu ákaflega hæfileikaríkir.

Sunnulekjarskóli á Selfossi hreppti fyrsta sætið

Það voru margir sem fylgdust með þegar úrslitin voru kynnt „live“ á instagram- síðu Skjálftans seinna sama kvöld þegar Salka Sól, sem var formaður dómnefndar, fór með farandverðlaunagripinn til fyrsta sigurlíðs Skjálftans; lið Sunnulekjarskóla á Selfossi.

Atriði Sunnulekjarskóla heitir Tímaflakkarinn og þar ferðast þau í tíma og rúmi frá árinu 1900 til dagsins í dag og skoða það hvernig samskipti fólks í tilhugallífi hafa breyst í tímanna rás.

Í niðurstöðu dómnefndar kom meðal annars fram: „Skemmtilegt atriði og oft fyndið með

skýrum þræði og skemmtilegum týpum. Mikið lagt í handritið og þau fá plús fyrir tungumál og íslenska söngtexta. Atriðið var vel útfært og leiknu atriðin og textinn í þeim voru mjög skemmtileg. Hæfileikarnir felast í hópnum sem flytur atriðið í heild af miklum metnaði og gleði og leysir vel ör búninga og senuskipti. Póstmaðurinn var æðislegur rauður þráður. Greinilegt að krakkarnir skemmtu sér mjög vel og atriðið hélt allan tíman.“

Hörð keppni um annað og þriðja sæti

Annað sætið hreppti Grunnskólinn í Þorlákshöfn fyrir atriðið sitt *Af hverju?* sem fjallar um kynbundið ofbeldi og spurninguna af hverju stelpum sé stöðugt kennt að passa sig. „Í mati dómnefndar kom meðal annars fram að boðskapurinn væri mjög skýr og mikilvægur og greinileg ástríða fyrir viðfangsefninu. Kóréografían er metnaðarfull og vel æfð, mikið öryggi í flutningi, bæði í dansi og söng.“

Í þriðja sæti var Bláskógaskóli á Laugarvatni með atriðið *Strengjadrúður* sem fjallar um það hvað manneskjan er ofsalega föst í skjánum sínum og missir tengingu við veruleikann, annað

fólk, vini, fjölskylduna og sjálft sig. Það fjallar um nettrölilið og hvernig það stýrir okkur öllum og að við þurfum að klippa á strenginn til að öðlast frelsi. Í mati dómnefndar kom fram að hljóðmynd væri vel unnin og förðunin áhugaverð. Atriðið var greinilega vel æft og var mjög fumlaut. Samvinna og útfærsla í heildina mjög góð.“

Hægt er að sjá Skjálftann og öll atriðin á ungruv.is.



HREINGERNINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar

Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Heint um allt Suðurland

GRAFA SMÁ?

SMÁGRÖFUR TIL LEIGU Í GRÍMSNESI OG NÁGRENNI

GROFULEIGA.IS
S. 695 1446

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN



TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi

fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Efirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

**Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti**

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

D-H BÓKHALD

✓ Bókhaldsþjónusta

✓ Skattskil

✓ Stofnun fyrirtækja

✓ Framtöl og ársreikningar

✓ Fyrirtækjaráðgjöf

.....

Dagbjört Hannesdóttir

MACC / viðskiptafræði


dhbokhald@gmail.com

s. 6933708

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ **480 8020**



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurðsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is




VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði*

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar

Betri vörur - betra verð

Juubbiu
Siggafærðir

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss

Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is



Atriði Grunnskóla Þorlákshafnar. Mynd: Ingibjörg Torfadóttir.

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

